

## Randi Holaker - framboð til stjórnar LH 2022.

Randi Holaker heiti ég og er fædd og uppalin rétt fyrir utan Osló í Noregi. Ég er menntuð hjúkrunarfræðingur, með grunnmenntun í kennslufræði, sem og tamningarmaður og reiðkennari frá Háskólanum á Hólum. Er Gæðingadómari, íþróttadómari, knapamerkjadómari og með réttindi til og hef tekið virkan þátt í að dæma gæðingafimi síðustu 3-4 árin. Ég er verkefnastjóri fyrir Reiðmanninn hjá LBHI sem núna er með um það bil 150 nemendur og 11 reiðkennara á sínum snærum, er ennig að kenna við háskóladeild LBHI hestafræði.

Randi býr á Skáney í Reykholtssdal í Borgafirði ásamt Hauki Bjarnasyni og tveimur dætrum sínum Kristíu Eir og Söru. Þar reka þau allsherjar hrossaræktarbú í mjög góðri aðstöðu og eru með ræktun, kennslu, þjálfun og sölu, ásamt því að vera með um 100 kindur til gamans. Fjölskyldan er mjög virk á keppnisvælinum og samhent í hestamenskunni.

Ég hef brennandi áhuga á reiðmennsku, æskulýðsstarfi og reiðkennslu og bý yfir mikilli reynslu á því sviði bæði innanlands og erlendis. Þá hef ég sinnt kennslu við Landbúnaðarháskóla Íslands í nokkur ár. Höfum í mörg ár verið mjög virk við að bjóða uppá barnastarf og nýliðun með pollanámskeiðum, knapamerkjakennslu í grunnskólum, bjóða uppá helgar fyrir börn og unglunga frá Hestamannafélugum sem koma þá til okkar á Skáney og eru eina helgi saman og hafa mjög gaman.

Randi hefur tekið virkan þátt í félagsmálum, var formaður framkvæmdarnefndar fjórðungsmóts Vesturlands 2021 Borgarnesi, sat í undirbúningsnefnd íslandsmóts barna 2022 í Borgarnesi. Hefur tekið mjög virkan þátt í æskulýðs og mótanefnda störfum hjá Hestamannafélaginu Borgfirðingi áður Faxa.

Var um tíma í sjórn Félags tamningamanna, sat í sjórn Gæðingadómara félags LH. Situr í menntanefnt félags tamningamanna.

Ég bíð mig fram til stjórnar LH og til vara í varastjórn LH.

